

Aðalfundur fulltrúaráðs STEFs 23. maí 2020

Fundargerð – útdráttur

Laugardaginn 23. maí 2020 var haldinn aðalfundur STEFs. Hófst fundurinn kl. 11:00 og var haldinn sem fjarfundur með fjarfundarbúnaðinum Microsoft Teams.

Til fundarins var boðað í samræmi við samþykktir STEFs, með fundarboði sem sent var út þann 6. maí 2020, auk þess sem áminning var send út tvívegis.

Mættir voru: Bragi Valdimar Skúlason, Gunnar Þórðarson, Páll Ragnar Pálsson, Sigurður Flosason, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Pétur S. Jónsson, Hallur Ingólfsson, Auðunn Atlason, Hera Björk Þórhallsdóttir, Óttarr Proppé, Snorri Helgason, Gunnar Andreas Kristinsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Logi Pedro Stefánsson og Lárus Grímsson (varamaður).

Síðar bættust við þeir Jakob Frímann Magnússon og Úlfar Ingi Haraldsson.

Að auki sátu fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri og Einar Hafliði Einarsson, endurskoðandi samtakanna.

Formaður fulltrúaráðs, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, setti fundinn og stýrði honum.

Aðalsteinn gerði grein fyrir fundarboði og lýsti eftir athugasemdum við fundarboðun. Engin athugasemd kom fram, auk þess sem að á fundinum voru á þeim tímapunkti mættir 17 fulltrúar og þannig skilyrðum samþykktu STEFs um lágmarksmætingu fullnægt. Lýsti fundarstjóri fundinn löglegan til að taka fyrir þau mál sem fyrir honum liggja.

Fundarritari var kjörinn Guðrún Björk Bjarnadóttir.

Fundarstjóri minntist í upphafi fallinna félaga, þeirra Ragga Bjarna, Halla Reynissonar og Ásgeirs Sæmundssonar. Þá gerði hann grein fyrir því að á síðasta ári hefði Jóhann Helgason fengið heiðursmerki STEFs á 70 ára afmælistónleikum sínum.

Gengið var til boðaðrar dagskrár.

Venjuleg aðalfundarstörf

1. Framkvæmdastjóri flutti skýrslu um starfsemi STEFs á liðnu starfsári. Í máli sínu minntist hún sérstaklega á áhrif COVID-19 á starfsemi STEFs, bæði hvað varðar skrifstofuhald, áhrif á innheimtu og til hvaða aðgerða var sérstaklega gripið til handa meðlimum. Þá minntist hún einnig sérstaklega á að nýtt gagnagrunnskerfi STEFs, „Framtíðarstef“ var tekið í notkun á árinu, auk nýs viðmóts fyrir meðlimi með nýjum „Mínum síðum“, sem býður upp á mun betri upplýsingagjöf og skráningu. Að lokum gerði hún grein fyrir breytingum á skattlagningu höfundaréttartekna sem tóku gildi um síðustu áramót.

Pórunn Gréta Sigurðardóttir, stjórnarformaður, gerði þá grein fyrir starfsemi stjórnar s.l. rekstrarár. Í máli sínu minntist hún á að fráfarandi stjórn hefði sett sér starfsreglur og tekið upp árlegt sjálfsmat stjórnar. Þá hefði stjórnin einnig lagt áherslu á stefnumótun og afhenti nú nýrri stjórn leiðarljós sín og áherslupunkta til áframhaldandi vinnslu. Þá voru nýir meðlimir fulltrúaráðs sérstaklega boðnir velkomnir og fráfarandi stjórn þakkað samstarfið.

2. Löggiltur endurskoðandi STEFs, Einar Hafliði Einarsson, gerði grein fyrir lykiltölum úr ársreikningi samtakanna fyrir árið 2019. Fyrir fundinn hafði samþykktur ársreikningur verið sendur út til fulltrúaráðsins.

Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri fór sérstaklega yfir sundurliðun flutningsréttartekna, en ljóst er að T-VOD leigur eru að láta undan síga í samkeppni við t.a.m. Netflix og að starfsmumhverfi fjölmiðla er erfitt, sem að hefur bein áhrif á rektur STEFs. Þá fór hún einnig yfir horfur á tekjum STEFs árið 2020 í ljósi áhrifa COVID-19.

Að þessum umræðum loknum var ársreikningurinn borinn undir fundinn og hann samþykktur samhljóða.

3. Kosning fimm manna í stjórn STEFs.

Í fyrsta sinn fór kosning fram skv. þeim breytingum á samþykktum STEFs sem áttu sér stað 2018. Af sjö manna stjórn eru formenn aðildarfélaganna sjálfkjörnir, sem voru að þessu sinni þau **Pórunn Gréta Sigurðardóttir** og **Bragi Valdimar Skúlason**.

Í fundarboði hafði þess verið getið að kosning þessi yrði rafræn og yrði rafrænn kjörseðill sendur út í gegnum Survey Monkey-kerfið. Var þetta þannig útfært, að í spjallglugga fjarfundarbúnaðarins var birtur tengill inn á kerfið. Enginn gerði athugasemd við þessa framkvæmd. Voru fundarmönnum síðan gefnar 10 mínútur í að ljúka kosningunni. Alls greiddu 19 atkvæði.

Sex voru í framboði í þessi fimm sæti og urðu niðurstöður þær að kjör í stjórn hlutu **Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Páll Ragnar Pálsson, Sigríður Thorlacius** og **Sigurður Flosason**.

Kjörnir stjórnarmenn gerðu að þessu loknu grein fyrir tilnefningu varamanna sinna:

Varamaður Pórunnar Grétu Sigurðardóttur er Hafdís Bjarnadóttir.

Varamaður Braga Valdimar Skúlasonar er Snorri Helgason.

Varamaður Sigurðar Flosasonar er Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson.

Varamaður Hildar Kristínar Stefánsdóttur er Logi Pedro Stefánsson.

Varamaður Páls Ragnar Pálssonar er Úlfar Ingi Haraldsson.

Varamaður Sigríðar Thorlacius er Óttarr Proppé.

Varamaður Halls Ingólfssonar er Pétur S. Jónsson .

4. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.

Stjórn leggur fram þá tillögu að sömu skoðunarmenn verði kjörnir og áður:

Eyjólfur Kristjánsson og Tryggvi M. Baldvinsson. Til vara: Finnur Torfi Stefánsson og Ingi Gunnar Jóhansson. Tillagan var samþykkt samhljóða

5. Kosning formanns fulltrúaráðsins.

Þórunn Gréta tók yfir fundarstjórnina á meðan að þessi liður var afgreiddur.

Lýst var eftir framboðum: **Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson** gaf kost á sér. Enginn önnur framboð komu fram og var hann því sjálfkjörinn næstu tvö ár.

6. Ákvörðun um laun stjórnarmanna og önnur hlunnindi þeirra, ef slíku er til að dreifa, sem og laun skoðunarmanna og formanns fulltrúaráðs.

Aðalsteinn Ásberg kynnti tillögu stjórnar sem lýtur að því að stjórnarlaunin taki breytingu skv. vísitölu en séu að öðru leyti óbreytt. Engar aðrar tillögur komu fram. Var tillagan borin upp til samþykktar og hún samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál.

a) Breytingar á samþykktum.

Stjórn lagði fram tvær tillögur að breytingum á samþykktum, annars vegar hvað varðar rafræna atkvæðagreiðslu og hins vegar hvað varðar varamenn í stjórn. Voru tillögurnar kynntar og afgreiddar í sitthvoru lagi.

A. Breyting á greinum 5.7 og 5.8 í samþykktum STEFs – rafræn atkvæðagreiðsla

Breytingin felur í sér að rafrænar atkvæðagreiðsla verður meginreglan við kosningu fulltrúaráðs. Áfram verði þó hægt að óska eftir því að greiða atkvæði bréflega.

Núgildandi ákvæði samþykktanna:

5.7 Atkvæðagreiðslan fer þannig fram að hver réttihafi, sem atkvæðisrétt hefur, fær senda jafn marga kjörseðla og þau atkvæði eru sem hann ræður yfir. Á kjörseðlinum skulu skráð nöfn frambjóðenda í stafrófsröð og skal réttihafinn krossa við nafn eins þeirra. Að því loknu setur hann kjörseðilinn í lokað umslag. Umslagin með kjörseðlunum skulu berast skrifstofu STEFs innan þriggja vikna frá því að þau voru send út. Annast kjörstjórn talningu atkvæða. Berist kjörseðill frá einhverjum, sem ekki hefur atkvæðisrétt, sé hann annars konar en þeir kjörseðlar, sem sendir voru út, sé merkt við nöfn fleiri en eins frambjóðanda á kjörseðli eða sé þar að finna einhver auðkenni, sem bent gætu til þess hver

kjósandinn er, telst seðillinn ógildur, nema hann sé auður. Ef tveir eða fleiri fá jafn mörg atkvæði skal hlutað um það hvor eða hver þeirra telst rétt kjörinn í fulltrúaráð STEFs. Ávallt skal þó séð til þess að a.m.k. þrír úr hópi hinna sjö fulltrúa komi úr hópi réttshafa utan aðildarfélaga.

- 5.8 *Auk atkvæðagreiðslu skv. grein 5.7. skal þeim sem þess óska vera gert mögulegt að greiða atkvæði á rafrænan hátt. Skal stjórn ákveða nánar hvernig slík kosning skuli framkvæmd með öruggum og áreiðanlegum hætti.*

Tillaga að breytingu:

- 5.7 *Atkvæðagreiðslan fer þannig fram að hver réttshafi, sem atkvæðisrétt hefur, fær senda jafn marga kjörseðla og þau atkvæði eru sem hann ræður yfir. Á kjörseðlinum skulu skráð nöfn frambjóðenda í stafrófsröð og skal réttshafinn krossa við nafn eins þeirra. Ef tveir eða fleiri fá jafn mörg atkvæði skal hlutað um það hvor eða hver þeirra telst rétt kjörinn í fulltrúaráð STEFs*

Sé kosning bréflög fer hún fram á eftirfarandi hátt: Kjörseðillinn skal settur í lokað umslag. Umslöggin með kjörseðlunum skulu berast skrifstofu STEFs innan þriggja vikna frá því að þau voru send út. Annast kjörstjórn talningu atkvæða. Berist kjörseðill frá einhverjum, sem ekki hefur atkvæðisrétt, sé hann annars konar en þeir kjörseðlar, sem sendir voru út, sé merkt við nöfn fleiri en eins frambjóðanda á kjörseðli eða sé þar að finna einhver auðkenni, sem bent gætu til þess hver kjósandinn er, telst seðillinn ógildur, nema hann sé auður.

- 5.8 *Stjórn er heimilt að ákveða að í stað atkvæðagreiðslu skv. grein 5.7 skuli atkvæðagreiðsla vera rafræn. Þeim sem þess óskað skal þó í slíkum tilvikum vera gert mögulegt að greiða atkvæði bréflaga. Skal stjórn ákveða nánar hvernig rafræn kosning skuli framkvæmd með öruggum og áreiðanlegum hætti.*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

- B. Breyting á greinum 4.1, 4.5 og 4.13 er varðar varamenn í stjórn. Tillagan gengur út á að ekki þurfi að tilkynna fyrir aðalfund fulltrúaráðs hverjir gefi kost á sér í varastjórn, heldur verði nýkjörnum stjórnarmönnum gefinn kostur á að tilnefna varamenn eftir stutt fundarhlé á aðalfundinum.

Núgildandi ákvæði samþykktanna:

- 4.1 *Stjórn samtakanna skipa sjö menn úr hópi fulltrúaráðs. Formenn aðildarfélaga STEFs eru skipaðir án kjörs í stjórnina. Fimm stjórnarmenn eru síðan kosnir á aðalfundi fulltrúaráðs STEFs til tveggja ára í senn. Skal einn hið minnsta koma úr hvoru aðildarfélaga fyrir sig og eigi færri en einn vera utan þessara félaga. Eftir kjör aðalmanna skal á aðalfundi fulltrúaráðsins hver aðalmaður tilnefna sinn varamann úr hópi fulltrúaráðsins.*
- 4.5 *Áður en kosningin fer fram skal leitað eftir framboðum til stjórnarkjörs. Skal slíkt gert með því að kjörstjórn sendir tilkynningu til kjörinna fulltrúarráðsmanna. Skulu þeir tilkynna um framboð með a.m.k. viku fyrirvara. Það sama á við um þá sem gefa kost á sér í varastjórn.*
- 4.13 *Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundi í forföllum aðalmanna og er þá heimilt að boða þá með skemmri fyrirvara en gildir almennt um boðun stjórnarfunda. Ef ljóst er að aðalmaður í stjórn getur ekki sinnt skyldum sínum um lengri tíma eða segi hann af sér stjórnarmennsku áður en kjörtímabili hans lýkur, tekur varamaður sæti hans. Þess skal gætt ef hægt er, að viðkomandi varamaður sé frá sama aðildarfélaga og aðalmaðurinn eða utan félagá sé um slíkt að ræða.*

Tillaga að breytingu:

- 4.1 *Stjórn samtakanna skipa sjö menn úr hópi fulltrúaráðs. Formenn aðildarféлага STEFs eru skipaðir án kjörs í stjórnina. Fimm stjórnarmenn eru síðan kosnir á aðalfundi fulltrúaráðs STEFs til tveggja ára í senn. Skal einn hið minnsta koma úr hvoru aðildarfélagi fyrir sig og eigi færri en einn vera utan þessara féлага. Eftir kjör aðalmanna á aðalfundi fulltrúaráðsins skal gera stutt fundarhlé. Að fundarhlé loknu skal hver aðalmaður tilnefna sinn varamann úr hópi fulltrúaráðsins.*
- 4.5 *Áður en kosningin fer fram skal leitað eftir framboðum til stjórnarkjörs. Skal slíkt gert með því að kjörstjórn sendir tilkynningu til kjörinna fulltrúarráðsmanna. Skulu þeir tilkynna um framboð með a.m.k. viku fyrirvara.*
- 4.13 *Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundum í forföllum aðalmanna og er þá heimilt að boða þá með skemmri fyrirvara en gildir almennt um boðun stjórnarfunda. Ef ljóst er að aðalmaður í stjórn getur ekki sinnt skyldum sínum um lengri tíma eða segi hann af sér stjórnarmennsku áður en kjörtímabili hans lýkur, tekur varamaður sæti hans.*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fleiri mál voru ekki borin upp og fundi slitið af formanni kl. 12:20.